

Eftirfylgni: Stjórnun og rekstur Raunvísindastofnunar Háskóla Íslands

Niðurstaða og ábending

Ríkisendurskoðun hvetur mennta- og menningarmálaráðuneyti og fjármála- og efnahagsráðuneyti til að geta rannsóknarframlaga til háskóla í fjárlögum meðal fjárheimilda málaflokksins „Rannsóknarstarfsemi á háskólastigi“. Slík framsetning er í samræmi við lög um opinber fjármál og stuðlar að auknu gagnsæi. Jafnframt verði framlög til Raunvísindastofnunar Háskóla Íslands felld undir rannsóknarstarfsemi Háskólans, hugsanlega sem sérstakt viðfang.

Að öðru leyti ítrekar Ríkisendurskoðun ekki ábendingar sínar frá árinu 2014 um stjórnun og rekstur Raunvísindastofnunar.

Úr fyrri skýrslum Ríkisendurskoðunar

Í skýrslunni [Stjórnun og rekstur Raunvísindastofnunar Háskóla Íslands](#) (2011) beindi Ríkisendurskoðun þremur ábendingum um úrbætur til Raunvísindastofnunar, tveimur til Háskóla Íslands og einni til fjármála- og efnahagsráðuneytis. Allar miðuðu að því að skýra skipulag, stjórnun og rekstur stofnunarinnar og stuðla að því að hún sinni verkefnum sínum á hagkvæman og árangursríkan hátt.

Raunvísindastofnun brást jákvætt við ábendingunum sem til hennar var beint og gerði umtalsverðar úrbætur á meginferlum starfsemi sinnar, umsýslu styrkja og rannsóknarstarfs og vann á uppsöfnuðum rekstrarhalla. Ábendingarnar voru því ekki ítrekaðar í [Skýrslu um eftirfylgni: Stjórnun og rekstur Raunvísindastofnunar Háskóla Íslands](#) (2014).

Ríkisendurskoðun taldi ekki heldur þörf á að ítreka ábendingar sínar til Háskóla Íslands um að skýra aðkomu sína að starfsemi Raunvísindastofnunar og endurskoða reglur um stofnunina. Reglurnar voru endurskoðaðar og verklag skólans og stofnunarinnar samræmt. Þá var komið á reglulegum samskiptum og samstarf á sviði fjár- og mannauðsmála aukið. Loks var afstaða Háskólans til Raunvísindastofnunar skýrð. Hún heyrði undir skólann, væri samofin starfsemi hans og ábyrgð á fjárhag hennar væri á hendi forseta Verkfræði- og náttúruvísindasviðs og á endanum háskólarektors.

Ábendingar árið 2014

Í skýrslunni árið 2014 ítrekaði Ríkisendurskoðun einn hluta ábendingar sinnar til Háskóla Íslands frá 2011, þ.e. að einfalda þyrfti stjórnskipulag Raunvísindastofnunar. Einnig var fjármála- og efnahagsráðuneyti hvatt til að færa fjárveitingar til stofnunarinnar undir Háskólann og leggja niður sérstakan fjárlagalið hennar. Slíkt skerpti á ábyrgð og umboði skólans og efldi eftirlit hans með fjármálum stofnunarinnar.

Í viðbrögðum sínum árið 2014 kvaðst Háskólinn myndu kanna frekari endurskoðun á reglum Raunvísindastofnunar og mögulega einföldun á stjórnskipulagi hennar. Greina yrði þó milli faglegra málefna og verkefna annars vegar og fjármála og reksturs hins vegar. Fjármála- og efnahagsráðuneyti tók líka undir það sjónarmið að fjárveiting Raunvísindastofnunar yrði færð undir Háskólann. Stefna þess væri að fækka fjárlagaliðum og styddi frumvarp til nýrra laga um opinber fjármál við það. Mikilvægt væri að ábyrgð og umboð á rekstri fjárlagaliða væru skýr og að öflugt eftirlit væri með fjármálum þeirra.

Eftirfylgni Ríkisendurskoðunar árið 2017

Í nóvember 2016 óskaði Ríkisendurskoðun eftir að Háskóli Íslands og fjármála- og efnahagsráðuneyti lýstu því hvernig brugðist hefði verið við ábendingum stofnunarinnar frá 2014. Svör bárust í janúar 2017.

Háskóli Íslands telur að enn þurfi að skerpa á stöðu Raunvísindastofnunar og fjárhagsfyrirkomulagi í heildarrekstri skólans. Ekki þurfi þó að breyta reglum um stofnunina. Samkvæmt þeim beri stjórn stofnunarinnar skýra ábyrgð á fjármálum hennar gagnvart forseta Verkfræði- og náttúruvísindasviðs. Þessir aðilar beri síðan ábyrgð á faglegum málefnum og verkefnum gagnvart sviðsforseta og rektor. Ríkisendurskoðun telur ekki þörf á að ítreka þessa ábendingu.

Í svari sínu vísaði fjármála- og efnahagsráðuneyti til fjárlaga ársins 2017 sem voru samþykkt á grundvelli laga nr. 123/2015 um opinber fjármál. Þar hefði verið unnið að breytttri framsetningu og sameiningu fjárlagaliða þar sem það átti við. Horfa yrði til þess að fjárheimildir væru nú veittar til málefna-

sviða og málaflokka. Þar sem fjárveitingar Háskóla Íslands og Raunvísindastofnunar féllu ekki undir sama málaflokk ætti sú sameining fjárlagaliða sem lagt hefði verið til ekki lengur við.

Ríkisendurskoðun fellst ekki á rök ráðuneytisins og minnir á að samkvæmt lögum um opinber fjármál getur starfsemi stofnana heyrst undir mörg málefnasvið og málaflokka. Í fjárlögum 2017 fær t.d. Heilbrigðisstofnun Vestfjarða fé af fjárheimildum málaflokkanna „Almenn sjúkráhusþjónusta“, „Heilsugæsla“ og „Hjúkrunar- og dvalarrými“ sem hver og einn fellur undir ólík málefnasvið.

Fjárveiting ríkisins til Háskóla Íslands fellur eðlilega undir málefnasviðið „Háskólastig“. Henni er þó ekki skipt eftir málaflokkum. Eins og aðrir háskólar fær Háskólinn einungis fé af málaflokknum „Háskólar“ en er hvergi getið í málaflokknum „Rannsóknarstarfsemi á háskólastigi“. Í fjárlögum 2016 var þó miðað við að 5,6 ma.kr. af fjárheimild Háskólans rynnu til rannsókna og annars. Af sjálfstæðum stofnunum sem starfa eftir sérlögum fá einungis Tilraunastöð Háskólans að Keldum og Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum fé af fjárheimild þessa málaflokks í fjárlögum 2017. Sama á við Raunvísindastofnun Háskólans sem er þó ekki sjálfstæð stofnun.

Núverandi framsetning veitir því ófullnægjandi yfirlit um fjárveitingar ríkisins til málaflokksins „Rannsóknarstarfsemi á háskólastigi“. Ekkert virðist mæla gegn því að hluti fjárveitinga til háskóla sé tilgreindur undir þessum málaflokki. Þá verður ekki séð að ákvæði laga um opinber fjármál hindri að fjárveiting ríkisins til Raunvísindastofnunar verði merkt rannsóknarstarfsemi Háskóla Íslands. Stofnunin heyrir undir skólann, eins og t.d. Hagfræðistofnun og Félagsvísindastofnun, er samofin starfsemi hans og ábyrgð á fjárhag hennar er á hendi forseta Verkfræði- og náttúruvísindasviðs.

Ríkisendurskoðun óskaði eftir því með tölvubrési 7. febrúar 2017 að fjármála- og efnahagsráðuneyti skýrði betur rök sín fyrir framsetningu fjárlaga ársins 2017. Engin svör bárust þrátt fyrir ítrekun.

Ábending

Ríkisendurskoðun hvetur mennta- og menningarmálaráðuneyti og fjármála- og efnahagsráðuneyti til að geta rannsóknarframlaga til háskóla í fjárlögum meðal fjárheimilda málaflokksins „Rannsóknarstarfsemi á háskólastigi“. Jafnframt verði framlög til Raunvísindastofnunar Háskólans Íslands felld undir rannsóknarstarfsemi Háskólans, hugsanlega sem sérstakt viðfang.

Viðbrögð við ábendingu

Viðbrögð mennta- og menningarmálaráðuneytis

„Í ljósi aðdraganda málsins, ólíkra sjónarmiða fjármála- og efnahagsráðuneytis og Ríkisendurskoðunar auk fyrirhugaðrar heildarendurskoðunar á fjárveitingakerfi háskóla telur mennta- og menningarmálaráðuneyti heppilegast að beðið verði með einstakar breytingar þar til að endurskoðun lokinni. Meðal áherslna ráðuneytisins á málefnasviði 21 „háskólastig“ fyrir árin 2018–2022 er heildarendurskoðun á reiknilíkani háskóla. Endurskoðun hefur að markmiði að styðja betur við gæði kennslu og rannsókna og er eitt af forgangsverkefnum ráðuneytisins á tímabilinu. Jafnframt hefur það komið til álita að sameina málaflokkana 21.1 „háskólar“ og 21.2 „rannsóknarstarfsemi á háskólastigi“ undir einn málaflokk frá og með fjárlagaárinu 2019.

Þegar heildarendurskoðun fjárveitingakerfis verður lokið mun framsetning fjárlagaliða í fjármálafrumvarpi taka breytingum á grundvelli heildstæðrar nálgunar.“

Viðbrögð fjármála- og efnahagsráðuneytis

Engin viðbrögð bárust frá fjármála- og efnahagsráðuneyti þrátt fyrir ítrekun. Ríkisendurskoðun gagnrýnir sinnuleysi ráðuneytisins og telur það ekki í samræmi við vandaða og góða stjórnsýslu.

Um úttektina

Úttekt þessi er unnin með vísan í 6. gr. laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga. Í samræmi við staðla Alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana um stjórnsýsluendurskoðun (ISSAI 300 og ISSAI 3000) fylgir Ríkisendurskoðun úttektarskýrslum sínum jafnan eftir með sjálfstæðri athugun á því hvort og þá hvernig brugðist hafi verið við ábendingum þeirra. Slík eftirfylgni fer fram um það bil þremur árum eftir útgáfu skýrslna og leggur stofnunin þar megináherslu á að kanna hvort þeir annmarkar eða veikleikar sem hún vakti athygli á séu enn fyrir hendi.

Fjármála- og efnahagsráðuneyti, mennta- og menningarmálaráðuneyti og Háskóli Íslands fengu drög að skýrslunni til umsagnar og eru viðbrögð síðarnefnds ráðuneytis birt hér að framan. Ríkisendurskoðun þakkar þessum aðilum aðstoð og upplýsingar við gerð þessarar skýrslu.